

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 24. október 2019
Mnr. 2019030022



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Kauptilboð í íbúð 0301

Þann 26. júní sl. fóru íbúðir í Sindragötu 4a, Ísafirði í sölu. Þegar hafa verið samþykkt tilboð í íbúð 0102, 0104, 0201, 0202, 0204, 0205 og 0302. Því eru sjö íbúðir seldar í fasteigninni að svo stöddu.

Þann 23. október 2019 barst Ísafjarðarbæ tilboð í **íbúð 301**. Tilboðið stóð til 24. október kl. 16:00 og var uppsett verð boðið í íbúðina, kr. 53.900.000,-. Kauptilboð er gert með fyrir vara um sölu fasteignar tilboðsgjafa. Bæjarstjóri staðfesti kauptilboðið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Undirrituð leggur fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarráð samþykkir tilboð í íbúð 0301 í Sindragötu 4a, Ísafirði, dags. 23. október 2019. Kaupverð er kr. 53.900.000,-.“